

Hverfisráð Hríseyjar

97. fundur

Föstudaginn 19. febrúar kl. 09.45. var 97. fundur Hverfisráðs í Hrísey haldinn í Hlein.

Mætt voru: Anton Steinarsson, Hermann J. Erlingsson og Þorgeir Jónsson.
Formaður setti fundinn

Dagskrá:

- Íþróttamiðstöðin í Hrísey – salur.**
Ákveðið að taka saman lista yfir það sem vantar í salinn því nú er þorablót Hríseyinga nýafstaðið og alveg ljóst að endurskoða þarf hvað er verið að leigja með salnum því of margt vantar upp á til að húsið geti kallast fjölnotahús. Ákveðið að senda bréf á Fasteignir vegna málsins og gera grein fyrir hvernig staðan er. Bendum á þessa fundargerð sem er frá því 2009, þegar húsið var nýtt, sem er varðandi sama mál því þetta hefur verið rætt margoft áður í hverfisráðinu.
http://www.akureyri.is/static/files/vefmyndir/akureyri/pdf/Hverfisrad_Hriseyja_r_31fundur.pdf
- Hafnasamlag Norðurlands.**
Rætt var um ýmis málefni hafnarinnar í Hrísey s.s. snjóbræðslukerfi, smábátabryggju, flotbryggju og fl. Ákveðið að taka saman þessi mál og senda erindi á Hafnasamlagið.
- Austurvegur.**
Hverfisráð óskar eftir því að fá skýr svör við því hvenær byrja eigi á framkvæmdum við Austurveg og hvort hellulögnin sem skapað hefur mikla sérstöðu í Hrísey varðandi ferðaþjónustuna verði ekki örugglega látin halda sér áfram á þeim hluta vegarins sem við á. Þessar hellur eru eitt af aðalmerkjum eyjarinnar.
- Önnur mál.**
Innkomið bréf frá bæjartæknifræðingi vegna aðstöðuhúss á Árskógssandi þar sem hann tekur að sér að koma á samskiptum á milli þeirra aðila er málið varðar. Hverfisráð þakkar svarið og biður um að málinu verði komið í farveg sem fyrst.

Rætt um lýsingu í Hrísey. Þessi liður virðist vera orðin fastur liður á fundum ráðsins. Hverfisráðið óskar eftir því að fá að vita afstöðu bæjarins til götulýsingar og hvernig þeim málum er háttað á Akureyri.

Í ljósi þess að Holdi ehf hefur hætt rekstri í eyjunni og allir nautgripir farnir þá hefur hverfisráðið áhyggjur af því hvernig slætti verði háttað framvegis. Mikil barátta hefur verið í Hrísey undanfarin ár varðandi óæskilegan gróður sem mun að lokum taka yfir eyjuna ef ekki verður haldið áfram baráttunni gegn honum og teljum við það mikið áhyggjuefni ef tún verða ekki slegið. Beinum við því þessum orðum til umhverfisnefndar og forstöðumanns umhverfismála.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11.00

Anton M. Steinarsson
Hermann J. Erlingsson
Þorgeir Jónsson

Fundargerð rituð af Lindu Maríu Ásgeirsdóttur.